

Lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun	
■ 1. gr. Markmið. ☐ Markmið laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Það skal gert með samgönguáætlun til tólf ára skv. 2. gr. og fjögurra ára áætlun skv. 3. gr. sem er hluti af og innan ramma samgönguáætlunar. ■ 2. gr. Samgönguáætlun. ☐ [Ráðherra] ¹⁾ leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun þar sem mörkuð skal stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin. Jafnframt skal m.a. meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. ☐ Samgönguáætlun tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningssamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. ☐ Við gerð samgönguáætlunar skal jafnframt taka mið af eftirfarandi markmiðum: - að ná fram samræmdri forgangsroð og stefnumótun, - að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla, - að ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana [ráðuneytisins] ²⁾ og fyrirtækja á þess vegum. ☐ Einnig skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsroðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum. ☐ Áætlun um fjáröflun og útgjöld skal skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og skulu útgjöld sundurliðuð þar eftir helstu útgjaldaflokkum. Jafnframt er útgjöldum vegna nýrra framkvæmda á grunnkerfinu skipt eftir einstökum stórum verkefnum á hvert hinna þriggja tímabila.	■ 1. gr. Markmið. ☐ Markmið laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Það skal gert með samgönguáætlun til fimmtán ára skv. 2. gr. og fimm ára aðgerðaáætlun skv. 3. gr. sem er hluti af og innan ramma samgönguáætlunar. ■ 2. gr. Samgönguáætlun. ☐ [Ráðherra] ¹⁾ leggur á að minnsta kosti þriggja ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun þar sem mörkuð skal stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu fimmtán árin. Jafnframt skal m.a. meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. ☐ Samgönguáætlun tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningssamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. ☐ Við gerð samgönguáætlunar skal jafnframt taka mið af eftirfarandi markmiðum: - að ná fram samræmdri forgangsroð og stefnumótun, - að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla, - að ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana [ráðuneytisins] ²⁾ og fyrirtækja á þess vegum. ☐ Einnig skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsroðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum. ☐ Áætlun um fjáröflun og útgjöld skal skipt á þrjú fimm ára tímabil og skulu útgjöld sundurliðuð þar eftir helstu útgjaldaflokkum. Jafnframt er útgjöldum vegna nýrra framkvæmda á grunnkerfinu skipt eftir einstökum stórum verkefnum á hvert hinna þriggja tímabila.

☐ Áður en áætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur [ráðherra] ²⁾ fram stefnu sína í helstu málaflokkum, auk fjárhags- og tímaramma, til samgönguráðs, sbr. 4. gr. Tillögur byggðar á þeirri stefnu skulu unnar í stofnunum og fyrirtækjum samgöngumála fyrir ráðið. Samgönguráð undirbýr og semur tillögu að samgönguáætlun og leggur fyrir [ráðherra] ²⁾ til endanlegrar afgreiðslu og ákvörðunar.

☐ Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti eða oftar ef þörf þykir.

²⁾L. 126/2011, 475. gr. ²⁾L. 162/2010, 254. gr.

■ **3. gr. Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar.**

☐ Gera skal áætlun fyrir fyrsta fjögurra ára tímabil samgönguáætlunar skv. 2. gr. og leggur [ráðherra] ¹⁾ fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun.

☐ Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá unnin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár og lögð fram á Alþingi ný þingsályktunartillaga um hana, þannig að ávallt sé í gildi samþykkt áætlun fyrir a.m.k. tvö ár í senn.

☐ Í fjögurra ára áætlun samkvæmt ákvæði þessu skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins, fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem eiga undir [ráðuneytið]. ¹⁾

☐ Sundurliðun fjögurra ára áætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar og fyrirtækis komi skýrt fram. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í fjögurra ára áætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar skulu rúmast innan ramma samgönguáætlunar.

☐ Áður en áætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur [ráðherra] ¹⁾ fram fjárhagsramma til samgönguráðs sem undirbýr og semur tillögu að áætlun og leggur fyrir [ráðherra] ¹⁾ til endanlegrar afgreiðslu.

☐ Áður en áætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur [ráðherra] ²⁾ fram stefnu sína í helstu málaflokkum, auk fjárhags- og tímaramma, til samgönguráðs, sbr. 4. gr. Tillögur byggðar á þeirri stefnu skulu unnar í stofnunum og fyrirtækjum samgöngumála fyrir ráðið. Samgönguráð undirbýr og semur tillögu að samgönguáætlun **til ráðherra. og leggur fyrir [ráðherra] ²⁾ til endanlegrar afgreiðslu og ákvörðunar.**

☐ ~~Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti eða oftar ef þörf þykir.~~

²⁾L. 126/2011, 475. gr. ²⁾L. 162/2010, 254. gr.

■ **3. gr. Aðgerðaáætlun samgönguáætlunar.**

☐ **Gera skal aðgerðaáætlun fyrir fyrsta fimm ára tímabil hverrar samgönguáætlunar, sbr. 2. gr. Í aðgerðaáætlun skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins, fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem eiga undir ráðuneytið.**

☐ ~~Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá unnin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár og lögð fram á Alþingi ný þingsályktunartillaga um hana, þannig að ávallt sé í gildi samþykkt áætlun fyrir a.m.k. tvö ár í senn.~~

☐ ~~Í fjögurra ára áætlun samkvæmt ákvæði þessu skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins, fyrir hverja stofnun og fyrirtæki samgöngumála sem eiga undir [ráðuneytið].~~

☐ **Sundurliðun aðgerðaáætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar og fyrirtækis komi skýrt fram. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í aðgerðaáætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga. Tekjur og gjöld aðgerðaáætlunar skulu rúmast innan ramma samgönguáætlunar.**

☐ **Áður en aðgerðaáætlun samkvæmt ákvæði þessu er unnin leggur ráðherra fram fjárhagsramma til samgönguráðs.**

■ **4. gr. Samgönguráð.**

□ [Ráðherra] ¹⁾ skipar samgönguráð sem hefur yfirumsjón með gerð tillagna að samgönguáætlun. Í samgönguráði sitja forstöðumenn þeirra samgöngustofnana sem heyra undir [ráðuneytið]. ²⁾ Auk þess situr þar fulltrúi [ráðherra] ³⁾ sem jafnframt er formaður og er skipunartími hans fjögur ár en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar. Jafnframt skal fulltrúi fyrirtækis samgöngumála sem undir [ráðuneytið] ⁴⁾ heyrir leggja fram áætlanir til samgönguráðs og sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um málefni sem eiga undir viðkomandi fyrirtæki.

□ Samgönguráð skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgöngubingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar. Til samgöngubings skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á samgöngubingi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar. Samgönguráð skal hafa samráð við hagsmunaaðila og kynna fyrir almenningi áætlanir eins og ástæða þykir til hverju sinni.

■ **6. gr. Gildistaka samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar samgönguáætlunar.**

□ Samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktanir. ¹⁾

¹⁾ Augl. A 93/2003. Augl. A 94/2003. Augl. A 91/2005. Augl. A 96/2007. Augl. 101/2008. Augl. A 105/2010.

■ **4. gr. Samgönguráð.**

□ **Ráðherra skipar samgönguráð sem gerir tillögu til ráðherra að samgönguáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun samgönguáætlunar, stefnu og forgangsroðum, að fengnum áherslum ráðherra, sbr. 2. og 3. gr. Í samgönguráði sitja tveir fulltrúar ráðherra, þar af annar formaður, forstjóri Vegagerðarinnar, forstjóri Samgöngustofu og forstjóri Isavia ohf. Þá situr í samgönguráði fulltrúi þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með samgöngumál. Skipunartími samgönguráðs takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar. Jafnframt skal fulltrúi fyrirtækis samgöngumála sem undir [ráðuneytið] ¹⁾ heyrir leggja fram áætlanir til samgönguráðs og sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um málefni sem eiga undir viðkomandi fyrirtæki.**

□ **Við gerð samgönguáætlunar skal gætt að samráði við hagsmunaaðila. Jafnframt skal almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum í opnu samráðsferli.**

~~Samgönguráð skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgöngubingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar. Til samgöngubings skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á samgöngubingi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar. Samgönguráð skal hafa samráð við hagsmunaaðila og kynna fyrir almenningi áætlanir eins og ástæða þykir til hverju sinni.~~

■ **6. gr. Gildistaka samgönguáætlunar og *fimm ára aðgerðaáætlunar* samgönguáætlunar.**

□ Samgönguáætlun og **fimm ára aðgerðaáætlun** hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktanir. ¹⁾

¹⁾ Augl. A 93/2003. Augl. A 94/2003. Augl. A 91/2005. Augl. A 96/2007. Augl. 101/2008. Augl. A 105/2010.

Lög nr. 81/2003, um fjarskipti

■ 2. gr. Stjórn fjarskiptamála.

☐ [Ráðherra] ¹⁾ fer með yfirstjórn fjarskipta.

☐ Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

☐ [Ráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar ²⁾ um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Heimilt skal í fjarskiptaáætlun að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem rafræn samskipti og samskipti sem byggjast á pósthjónustu.

☐ Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

1. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar fjarskipti og skyld svið,

2. styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands,

3. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn,

4. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,

5. ná fram samræmdri forgangsöröðun og stefnumótun, og skal forgangsöröðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum landshlutum,

6. stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðapróun.

■ 2. gr. Stjórn fjarskiptamála.

☐ [Ráðherra] ¹⁾ fer með yfirstjórn fjarskipta.

☐ Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

☐ [Ráðherra leggur á **að minnsta kosti þriggja** ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar ²⁾ um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu **fimmtán** árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Heimilt skal í fjarskiptaáætlun að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem rafræn samskipti og samskipti sem byggjast á pósthjónustu.

☐ Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

1. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar fjarskipti og skyld svið,

2. styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands,

3. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn,

4. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,

5. ná fram samræmdri forgangsöröðun og stefnumótun, og skal forgangsöröðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum landshlutum,

6. stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðapróun.

☐ Í fjarskiptaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára, og leggur ráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um slíka áætlun. Aðgerðaáætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og má þá leggja nýja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi, en það skal gert eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í fjögurra ára áætlun skal gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum verkefnum eins og við á. Fjarskiptaáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktanir.] ³⁾

☐ [Ráðherra er heimilt að setja á stofn fagråd með fulltrúum Póst- og fjarskiptastofnunar, hagsmunaaðila og annarra aðila í þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og upplýsinga skipta á sviði fjarskipta.

☐ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi fagráðs á sviði fjarskipta.] ⁴⁾

¹⁾L. 126/2011, 372. gr. ²⁾Augl. A 89/2005. ³⁾L. 34/2011, 1. gr. ⁴⁾L. 62/2012, 1. gr.

☐ Í fjarskiptaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Í aðgerðaáætlun skal gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum verkefnum eins og við á. Aður en aðgerðaáætlun er unnin leggur ráðherra fram fjárhagsramma til fjarskiptaráðs.

☐ Ráðherra skipar fjarskiptaráð sem gerir tillögu til ráðherra að fjarskiptaáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun, stefnu og forgangsörðun, að fengnum áherslum ráðherra. Í fjarskiptaráði sitja tveir fulltrúar ráðherra, þar af annar formaður, ásamt forstjórum Póst- og fjarskiptastofnunar og Þjóðskrár Íslands. Þá situr í fjarskiptaráði fulltrúi þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með fjarskiptamál. Skipunartími fjarskiptaráðs takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar. ~~[Ráðherra er heimilt að setja á stofn fagråd með fulltrúum Póst- og fjarskiptastofnunar, hagsmunaaðila og annarra aðila í þeim tilgangi að vera vettvangur samráðs og upplýsinga skipta á sviði fjarskipta.]~~

☐ Við gerð fjarskiptaáætlunar skal þess gætt að samráði við hagsmunaaðila. Jafnframt skal almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum í opnu samráðsferli. ~~Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um starfsemi fagráðs á sviði fjarskipta.]~~ ⁴⁾

Lög nr. 69/2015, um byggðaaætlun og sóknaráætlanir

■ **2. gr.** *Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál.*

- ☐ Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra byggðamála skipar fulltrúa í stýrihóp Stjórnarráðsins til þriggja ára eftir tilnefningu hvers ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi ráðherra byggðamála fer með formennsku í stýrihópnum.
- ☐ Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.

■ **3. gr.** *Byggðaaætlun.*

- ☐ Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til sjö ára í senn.
- ☐ Áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaaætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Einnig skal gerð grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir.

■ **2. gr.** *Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál.*

- ☐ Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra byggðamála skipar fulltrúa í stýrihóp Stjórnarráðsins til þriggja ára eftir tilnefningu hvers ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi ráðherra byggðamála fer með formennsku í stýrihópnum.
- ☐ Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum, **tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðaaætlunar, sbr. 3. gr.,** og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.

■ **2. gr. a** *Byggðamálaráð. (Ný grein)*

- ☐ Ráðherra skipar byggðamálaráð sem gerir tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaaætlun og fimm ára aðgerðaaætlun að fengnum áherslum ráðherra, sbr. 3. gr. Í byggðamálaráði sitja tveir fulltrúar ráðherra, þar af annar formaður, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, forstjóri Byggðastofnunar og fulltrúi þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með byggðamál. Skipunartími ráðsins takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

■ **3. gr.** *Byggðaaætlun.*

- ☐ Ráðherra leggur á að minnsta kosti þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til fimmtán ára í senn.
- ☐ Áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaaætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Einnig skal gerð grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir.

☐ Byggðaaætlun skal unnin í umboði ráðherra af Byggðastofnun í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Við gerð byggðaaætlunar skal haft samráð við ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa eftir þörfum. ☐ Byggðaaætlun skal endurskoða á sjö ára fresti eða oftár ef þörf þykir.	☐ Í byggðaaætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaaætlun til næstu fimm ára. Skal þar meðal annars gerð grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir. Áður en aðgerðaaætlun er unnin leggur ráðherra fram fjárhagsramma til byggðamálaráðs. ☐ Við undirbúning byggðaaætlunar og fimm ára aðgerðaaætlunar skal haft samráð við öll ráðuneyti á vettvangi stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, sbr. 2. gr. Þá skal haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Horfa skal einnig til þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga sem gerð er samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Loks skal haft samráð við hagsmunaaðila eftir þörfum og skal almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum í opnu samráðsferli. Byggðaaætlun skal endurskoða á sjö ára fresti eða oftár ef þörf þykir.
--	--